

Stofnanasamningur

milli SFR – stéttarfélags í almannajónustu og SFV, skv. ákvæðum
kjarasamnings félagsins og SFV dags. 7. desember 2015.

Stofnanasamningur SFR og eftirtalinna stofnana innan SFV (Ás, Eir, Grund, Hamrar, Hrafnista Reykjavík, Hrafnista Hafnarfirði, Hrafnista Kópavogi, Hrafnista Hlévangi, Hrafnista Nesvöllum, Krabbameinsfélagið, Mörk, Sjálfsbjargarheimilið, Skjól, Skógarbær og Vigdísarholt (Sunnuhlíð) samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og SFV (f.h. ofangreindra stofnana) með gildistíma frá 1. október 2015.

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til allra félagsmanna SFR stéttarfélags í almannajónustu er starfa hjá ofangreindum stofnunum. Stofnanasamningur þessi kemur í stað þeirra stofnanasamninga sem ofangreindar stofnanir hafa gert við SFR og gildir fyrir þær stofnanir frá 1. júní 2017. Samningurinn er hluti af heildarkjarasamningi milli SFR og SFV.

2. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með stofnanasamningi þessum:

- að grunnröðun starfa verði sambærileg á milli stofnana og allar ákvarðanir um launasetningu séu teknar með málefnalegum hætti og starfsmönnum tryggð jöfn laun fyrir sambærileg störf.
- að almenn ákvæði um jafnrétti nái fram að ganga.
- að launakerfið stuðlið að vinnuhagræðingu með því að tengja breytingar á launum við frammistöðu / árangur í starfi.
- að launakerfið gefi kost á að frammistaða og hæfni starfsmanna sé metin tímabundið eða varanlega og sé þannig byggt upp að það feli í sér hvata til framgangs í starfi.
- að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum um rekstur þeirra stofnana sem samningurinn nær til og styðji við framtíðarsýn þeirra.
- að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til framgangs í starfi með hliðsjón af árangri, aukinni þekkingu, þjálfun og eðli þeirra starfa sem þeir gegna.
- að starfsmönnum verði veitt tækifæri til að viðhalda og auka þekkingu sína með þátttöku í námskeiðum og starfsnámi sem nýtist í starfi.
- að leitast verði við að skapa starfsmönnum aðstæður til að samræma kröfur starfs, einkalífs og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er.

3. Starfaflokkar og röðun starfa í launaflokka

3.1 Almennar forsendur röðunar

Við ákvörðun grunnröðunar starfa í launaflokk er fyrst og fremst verið að meta verkefni og umfang þeirra ásamt skyldum sem í starfinu felast auk lágmarks færni

sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Stefnt skal að því að starfslýsingar verði ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka. Grunnröðun starfa er í fylgiskjali 1 og er skjalið hluti af samningi þessum.

4. Viðbótarforsendur við mat launaflokka

4.1 Starfsreynsla

Starfsmaður sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni skal hækka um launaflokk með eftirfarandi hætti:

- Eftir 1 ár skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.
- Eftir 3 ár skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk til viðbótar.
- Eftir 5 ár skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk til viðbótar.

Til viðbótar lágmarksröðun starfa í launaflokk við nýráðningu er heimilt að meta til hækkunar allt að tveimur launaflokkum starfsreynslu starfsmanna hjá öðrum stofnunum að hluta eða öllu leyti, ef hún nýtist í starfi. Heimilt er þannig að flýta launahækkun samkvæmt ákvæði þessu vegna starfsreynslu utan þeirra stofnana sem að samningur þessi nær til, enda hafi starfsmaður náð verulegri starfsfærni áður en umræddum starfstíma er náð.

Ofangreint á ekki við um félagsliða.

4.2. Persónubundnir þættir

Við röðun starfsmanna má taka tillit til eftirfarandi persónubundinna þátta varðandi mat á hæfni og frammistöðu þeirra. Við mat á hæfni og frammistöðu einstakra starfsmanna skal taka mið af eftirfarandi þáttum:

- aukin hæfni starfsmanns til að gegna starfinu vegna mikillar starfsreynslu innan eða utan stofnunar
- aukin hæfni starfsmanns til að gegna starfinu vegna formlegrar menntunar, símenntunar eða starfstengdra námskeiða
- aukin hæfni starfsmanns til að gegna starfinu vegna sjálfstæðis í vinnubrögðum, frumkvæðis og mjög góðs árangurs í starfi. Starfsmaður hefur mjög góða færni og ástundar fagleg vinnubrögð.
- starfsmaður sýnir sérstaka hæfni til samskipta og samvinnu og hefur ríka þjónustulund
- starfsmaður sýnir sérstaka hæfni til að fræða og leiðbeina öðrum
- starfsmaður hefur umtalsverða viðbótarábyrgð og / eða álag vegna sérstakra eða umfangsmikilla verkefna, viðvarandi eða tímabundinna.
- starfsmaður hefur sérstaka reynslu sem nýtist vel í starfi.

 E. H.
E.H.

4.3 Símenntun

Stofnanir innan SFV og samningur þessi nær til skulu stuðla að því að styrkja starfsmenn í störfum sínum og sjá til þess að þeim standi viðeigandi starfsnám til boða innan sem utan stofnunar. Starfsmenn auki með því þekkingu sína og færni þannig að stofnanirnar hafa ævinlega á að skipa hæfum einstaklingum sem eru tilbúnir til þess að takast á við ný verkefni og störf á hverjum tíma.

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun sem viðurkennt er af samningsaðilum eða starfsmenntun / námskeiðum sem nýtast í starfi skal hækka um allt að 3 þrepum sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

Eftir 60 kennslustundir skal starfsmaður hækka um eitt þrep.

Eftir 120 kennslustundir skal starfsmaður hækka um eitt þrep til viðbótar.

Eftir 200 kennslustundir skal starfsmaður hækka um eitt þrep til viðbótar.

4.4. Menntun – mat á formlegu námi

Starfsmaður sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um þrep sem hér segir:

- Starfsmaður sem lokið hefur formlegu starfsnámi allt að 2 vetrum m.v. fullt nám skal hækka um 1 þrep.

Starfsmaður sem lokið hefur stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi á framhaldsskólastigi skal hækka um 1 þrep til viðbótar.

5. Annað

Starfsmaður sem hefur áunnið sér hækkun, vegna persónubundinna þátta o.fl., ofan á grunnlaunatölu launaflokks sem er umfram átta þrep færast í næstu jafnháu eða hærri launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

6. Menntun – möguleikar á námi samhliða starfi

Á samningstímanum skal stefnt að því að leita leiða til að gefa ófaglærðum félagsmönnum innan SFR kost á að sækja sérhæfða þjálfun og/eða formlegt starfsnám. Með sérhæfðu og/eða formlegu námi er meðal annars átt við sérstaka hæfni sem stofnunin leggur áherslu á að starfsmaður tileinki sér, eða formlegt nám sem styrkir starfsmanninn í þeim verkefnum sem stofnunin felur honum.

7. Starfsmannasamtöl

Starfsmenn skulu eiga kost á starfsmannaviðtali einu sinni á ári. Það er m.a. vettvangur umræðu um starfsánægju og líðan á vinnustað, samskipti, aðbúnað, verkefni, starfslýsingu, skipulag, stjórnun, starfsþróun, framgang í starfi, starfsfræðslu, endurmenntun og frammistöðu starfsmanns. Starfsmannaviðtal er ekki vettvangur umræðu um laun. Við mat á frammistöðu starfsmanns er gert ráð fyrir að farið verði eftir fyrirfram ákveðnu kerfi, m.a. er gert ráð fyrir upprifjun frá síðasta starfsmannasamtali, hafi það farið fram.

 
E. H.

8. Hlutverk samstarfsnefndar

Hlutverk samstarfsnefndar er skilgreint í kjarasamningi SFR. Samstarfsnefndin er kölluð saman á samningstíma vegna framkvæmdar samningsins ef aðilar telja nauðsyn bera til og annar hvor samningsaðili óskar þess.

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Skal ágreiningsmálum vísað til samstarfsnefndar.


9. Endurskoðun og gildistími

Samkomulag þetta skal endurskoða samkvæmt ákvæðum 11. kafla kjarasamnings SFR og SFV. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

Samningur þessi gildir frá 01.06.2017


Reykjavík, 15.06.2017

F.h. SFR

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'SFR' or similar, with a large, stylized flourish below it.

F.h. SFV

með fyrirvara um samþykki stjórnar

Three handwritten signatures in blue ink, stacked vertically. The first appears to be 'Eybjörg Hauksd.', the second 'Kari H. Einarsson', and the third 'Kristinn Sigurðsson'.

Fundargerð samstarfsnefndar SFR og SFV. Dags. 15.06.2017.

Fundarritari: Alma Lís Jóhannsdóttir, SFR

Fundarstaður: Húsnæði SFR, Grettisgötu 89

Fundarefni:

1. Stofnanasamningur – vörpun í nýja launatöflu og úthlutun fjár
 2. Verkefni framundan
 3. Önnur mál
-

1. Stofnanasamningur – vörpun í nýja launatöflu og úthlutun fjár

Aðilar undirrituðu stofnanasamning sem gildir frá og með 1. júní 2017. Breytingar frá fyrri samningi ganga fyrst og fremst út á að varpa hópnum yfir í nýja launatöflu sem tekur gildi frá sama tíma. Hverjum starfsmanni er tryggð að lágmarki 4,5% hækkun við innröðun eins og gert var ráð fyrir. Eins og fram kemur í bókun 5 í kjarasamningi er áætlaður vörpunarkostnaður um 2,34% og leggst hann ofan á lágmarkshækkun skv. kjarasamningi.

Kostnaðinn við vörpunina má sjá í fylgiskjölum fundargerðar.

Aðferðafræði við vörpun starfsmanna SFR yfir í nýja launatöflu 1.6.2017:

- Grunnlaunasetning:
 - Allir starfsmenn færðir upp í 6. lífaldursþrep í eldri töflu.
- Grunnlaunaflokkur starfsheitis í 6.þrep í eldri töflu fundinn flokkur í nýrri töflu (grunnlaunasetning aldrei lægri)
- Viðbótarþættir:
 - Starfsaldur varpast í nýja töflu sem viðbótarlaunaflokkar
 - Formleg menntun, endur- og símenntun og þættir sem tilgreindir eru í 4.2. gr. stofnanasamnings varpast yfir í nýja töflu sem viðbótarþrep
- Starfsmenn sem ekki ná 4,5% lágmarkshækkun við einfalda vörpun:
 - Fá sérstakt vörpunarþrep til að ná upp í lágmark (1-2 þrep)

Aðrar breytingar á samningi

- Félagsliðum var ekki varpað yfir í samræmi við ofangreinda töflu í ljósi þess að þeir fengu sérstaka hækkun í síðasta stofnanasamningi.
- Ákvæði um aðferðafræði við útreikning á launasetningu þegar starfsmenn eru komnir með fleiri en 8 þrep er sett inn í 6. gr. samnings:

Starfsmaður sem hefur áunnið sér hækkun, vegna persónubundinna þátta o.fl., ofan á grunnlaunatölu launaflokks sem er umfram átta þrep færist í næstu jafnháu eða hærri launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

Handwritten signatures:
P. H. (left)
E. H. (right)

Dæmi: Talan er fundin með því að:

Í fyrsta lagi: Finna töluna í 14-8 (kr. 421.317), finna þá tölu sem kemst henni næst (til hækkunar) í launaflokki 15. Í þessu tilfelli væri það 15-7 (kr. 422.728).

Í öðru lagi: Þá er bætt við einu þrepi (fer í 15-8) og sú krónutala (kr. 431.722) er fundin í launaflokki 16, 16-7 (kr. 433.167).

Í þriðja lagi: Nú er bætt við öðru þrepi og starfsmaðurinn endar í launaflokki 16 – 8.

Handwritten signature

Handwritten initials: E.H. and a circled mark

VÖRPUN SFR 1. júní 2017

Grunnlaunaflokkur starfsheitis í núverandi samningi	Grunnlaunaflokkur starfsheitis í nýjum samningi
7	5
8	5
9	6
10	7
11	7
12	8
13	8
14	8
15	9
16	10
17	11
18	12
19	13
20	14
21	15
22	16
23	17
24	18
25	19
26	20
27	21
28	22
29	23
30	24
31	25
32	26
33	27

Ant *ea*

E.H.

2. Verkefni framundan

Aðilar eru sammála um að horft verði til þeirrar vinnu sem mun fram fara hjá Landspítala er varðar útfærslu menntunarákvæða með það sem markmið að finna leiðir til að færa ákvæðin inn í stofnanasamning SFR og SFV.

Fleira ekki rætt.

Ann S. Jónsson
Mark

Lybjörg Hauksd.
Kari Öturr Einarsson
Kristín Vignýsdóttir

Fylgiskjal 1 með stofnanasamningi SFV og SFR dags. 9. júní 2017 með síðari breytingum.

	Grunnlaunaflokkur (ný launatafla) 1.jún.17
Starfsheiti, almenn	
Aðstoðarmaður sjúkraþjálfara	7
Aðstoðarmaður iðjuþjálfara	7
Starfsleiðbeinandi	7
Baðvörður	7
Starfsmaður í þjónustumiðstöð	7
Sundlaugarvörður	8
Sundlaugarvörður m/hæfnispróf	8
Leiðbeinandi og fulltrúi í félagsstarfi	8
Samskiptafulltrúi	8
Yfirmaður félagsstarfs	8
Félagsliði	9
Félagsliði með 1 árs starfsreynslu	10
Félagsliði með 3 árs starfsreynslu	11
Félagsliði með 5 árs starfsreynslu	12
Starfsheiti, eldhús	
Verkstjóri í borðsal	8
Matartæknir	10
Matreiðslumaður, bakari	12
Matreiðslumeistari	16
Forstöðumaður eldhús 1 (minna en 100 hjúkrunarrými)	17
Forstöðumaður eldhús 2 (stærri en 100 hjúkrunarrými)	20
Starfsheiti, umsjón fasteigna, lóða, þvottahús	
Verkstjóri í þvottahúsi	8
Ræstingarstjóri	11
Umsjón fasteigna	13
Umsjónarmaður	13
Starfsheiti, skrifstofa	
Skrifstofumaður	8
Sérhæfður skrifstofumaður	11
Launafulltrúi 1	11
Hjúkrunar-, heilbrigðis- og læknaritari	8
Heilbrigðisritari, löggiltur	10
Læknaritari, löggiltur	11
Bókari 1	14

Bókari 2 með löggildingu	16-17
Launafulltrúi 2	15-17
Deildarstjóri launadeildar	19
Deildarstjóri / skrifstofustjóri	18

Phu 207 +
E.H.